



Reykjavíkurborg

Nóvember 2016

Fréttir úr skóla- og frístundastarfi



Í skóla- og frístundaráði sitja Skúli Helgason, Eva Einarsdóttir, Hermann Valsson, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Jóna Björg Sætran og Sabine Leskopf.

FYLGT ÚR HLÆÐI

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs. Sjá [meira](#)

TAEKWANDO, TÓNLIST OG TÓMSTUNDAHÚS

Í Klettaskóla eru farnar nýjar nýjar leiðir til að efla styrk og sjálfsmynd barna með sérþarfir. Sjá [meira](#)

ALLIR VINIR Í LAUGARNESI

Í Laugardal fer fram áhugavert forvarnarstarf á báðum skólastigum gegn einelti. Sjá [meira](#)

UNGMENNARÁÐ Í ÖNNUM

Fulltrúar ungmennaráðanna leggja margt gott til í fagráðum og starfshópum á vegum borgarinnar. Sjá [meira](#)

NÝJAR ÁSKORANIR FYRIR SKÓLASAMFÉLAGIÐ

25 börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd eru í skóla í Reykjavík. Það felur í sér margvíslegar áskoranir. Sjá [meira](#)

SAMSTARF UM NÁMSMAT

Í Grafarvogi hafa skólarnir þróað nýtt námsmat sem tekur mið af nýrri aðalnámskrá. Það getur nýst fleiri skólum. Sjá [meira](#)

SELJALEIKSKÓLAR SAMAN Á VEFNUM

Leikskólarnir í Seljahverfi miðla saman námsefni sínu og hugmyndafræði. Sjá [meira](#)

ÚTVARP VESTURBÆJARSKÓLI

Krakkarnir í 7. bekk láta sér ekkert óviðkomandi þegar kemur að því að miðla menningu samtímans. Sjá [meira](#)

ÚTIVIST OG ÚTINÁM Í GUFUNESI

Frístundagarður og þekkingarmiðstöð eru meðal verkefna í framtíðarsýn fyrir Gufunesið. Sjá [meira](#)

SKREKKUR ALLRA LANDSMANNA

Hátt í sex hundruð unglingar tóku þátt í Skrekk þetta haustið og öðluðust mikla reynslu í sviðslistum. Sjá [meira](#)

ÍSLENSKUVERÐLAUN Í ÁRATUG

Lestrarhestar, sögusmiðir og málsnillingar af ýmsum þjóðernum tóku við Íslenskuverðlaunum unga fólksins á Degi íslenskrar tungu. [Sjá meira.](#)





Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og
frístundasviðs

FYLGT ÚR HLÆÐI

Fjölmiðlar hafa að undanfögnu flutt fréttir af kraftmiklu starfi í borginni; Fjölmenningardegi í Breiðholti, Réttindagöngu barna á vegum Tjarnarinnar, Skrekk í Borgarleikhúsi og góðgerðadegi í Hagaskóla svo fátt eitt sé nefnt.

Á sama tíma standa grunnskóla- og tónlistarskólakennarar í kjaradeilum við sveitarfélögin. Þetta er alvarleg staða og það er verk að vinna. Mikilvægt er að þær kjaraviðræður sem nú fara fram leiði til far-sællar niðurstöðu. En það þarf meira en kjarasamning til að skapa sátt um það margþætta fagstarf sem fram fer skólum borgarinnar og hæg nýliðun leikskólakennara og grunnskólakennara er verulegt áhyggjuefni. Við þurfum að leita allra leiða til þess að ríki, borgaryfirvöld, skólastjórnendur og kennara-samfélagið rói í sömu átt og finni lausnir í sameiningu. Það er okkar sameiginlega ábyrgð.

Leikskólar og frístundaheimili hafa á haustmánuðum mátt stríða við mannekleu og þegar kvefpestir og aðrir kvillar herja á flækist staðan enn frekar. Því hefur stundum verið erfitt að halda uppi fullri þjónustu og mikið hefur mætt á okkar góða starfsfólki.

Frá því að ég kom til starfa hjá Reykjavíkurborg fyrir rúmu ári hef ég orðið þess áskynja hve mikinn metnað starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita og skrifstofu sviðsins hefur í sínu starfi. Allir eru einhuga um að vinna framúrskarandi starf. Þar erum við öll sammála. Við viljum geta boðið börnunum okkar upp á góð starfsskilyrði í námi, starfi og leik, undir handleiðslu öflugra fagmanna. Þangað stefnum við saman, staðföst, skref fyrir skref.

Það verðmætasta í sérhverju samfélagi eru börnin og ungmennin. Við sem önnumst þau og menntum berum mikla ábyrgð og það væri óskandi að það endurspegladist í öllu gildismati samfélagsins. Nú þegar samverkamenn okkar í skóla- og frístundastarfinu eru margir undir miklu álagi er enn mikilvægara að við hvetjum hvert annað áfram til góðra verka og höldum á lofti því sem vel er gert. Við skulum hlúa að þeim gildum sem skipta okkur raunverulegu máli og rækta gleðina sem býr í hverjum degi.

TAEKWONDO, TÓNLIST OG TÓMSTUNDAHÚS

Börnin í Klettaskóla stunda nú kóresku bardagaíþróttina Taekwondo en orðið sjálft þýðir einmitt vegur þess sem notar hendur og fætur í lífsbaráttunni.

Fjörutíu og sex börn í 1.-4. bekk æfa Taekwondo í frístundaheimilinu Guluhlíð og er mikil ánægja meðal barna og foreldra með þennan nýja vettvang til sjálfseflingar.

Tómstundahúsið

Með tilkomu Tómsundahúss á lóðinni við Guluhlíð hefur tekist að skapa faglegan ramma um allt frístundastarfið fyrir börn með sérþarfir. Þar fer fram skipulagt hópastarf þar sem sérhvert barn fær sinn tíma í tónlist, Taekwondo, íþróttum og dansi.

Margrét Rannveig Halldórsdóttir, forstöðukona í Guluhlíð, segir að börnin séu mjög áhugasöm um tómsundastarfið, þau setji sér markmið, séu kappsömu og fagni nýjum sigrum. Þá sé litrófið í fagstarfinu orðið breiðara og lagður hafi verið grunnur að samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra um skipulagt íþróttastarf.

Í fyrravetur var í fyrsta sinn efnt til Frístundahreysti fyrir börn með sérþarfir en það er skipulagt á sama hátt og Skólahreysti í almennu grunnskólunum. Það kapp sem börnin sýndu á þeim viðburði í vor sannfærði alla viðstadda um að skapa þyrfti aðstæður fyrir öll börn til að stunda tómsundir í umhverfi sem hentar þeim.





UNGMENNARÁÐ Í ÖNNUM

Fulltrúar í ungmennaráði Reykjavíkur hafa haft í nógu að snúast á haustmánuðum.

Í september tóku þeir [á móti fulltrúum úr sænskum ungmennaráðum](#) og kynntu fyrir þeim hvernig starfi ráðsins er háttað. Reykjavíkurráðið hélt svo starfsdag í október fyrir fulltrúa úr öllum ungmennaráðum í borginni. Þar fór fram vinna í umræðuhópum um málefni sem ráðsmenn vildu ræða við jafnaldra sína, svo sem fyrirkomulag á reglulegum ungmennaþingum, femínisma, áhrif ungs fólks á fjölmenningu og tillögur fyrir næsta fund ráðsins með borgarstjórn. Unnið verður með niðurstöður úr umræðum í Reykjavíkurráðinu og ungmennaráðum í öllum hverfum borgarinnar.

Reykjavíkurráð ungmenna hefur starfað frá 2002 en í því sitja fulltrúar allra ungmennaráðanna. Starfið hefur þróast í gegnum tíðina en snerist í upphafi mikið um undirbúning fyrir árlegan fund með borgarstjórn. Í dag eru verkefnin fjölbreyttari og fela meðal annars í sér setu í skóla- og frístundaráði, íþrótta- og tómstundaráði, ýmsum starfshópum, gerð umsagna og þátttöku á fundum og málþingum.

Vissir þú ... að níu af hverjum tíu foreldrum sem eiga barn í grunnskólum borgarinnar eru mjög eða frekar ánægð með skóla barnsins síns.



ALLIR VINIR Í LAUGARNESI

Fyrir tveimur árum gerðu skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, með sér samning um þróun forvarnastarfs í leikskólanum Hofi, frístundaheimilinu Laugarseli og Laugarnesskóla með það að markmiði að efla á markvissan hátt félagsleg samskipti barna.

Verkefnið nær til elstu leikskóla-barnanna, barna í fyrstu bekkjum grunnskóla og á frístundaheimilum og miðar að því að fyrirbyggja eineltishegðun og annað ofbeldi.

Jafnframt hefur verið lagður grunnur að skipulögðu samstarfi til að bæta samskiptahæfni og efla félagsfærni barnanna og vinna með foreldrum að því markmiði.

Vanda stýrir verkefninu í samstarfi við starfshópinn [Vinsamlegt samfélag](#).

Verkefninu í Laugardal lýkur á þessu skólaári. Öllum leik- og grunnskólum og frístundaheimilum í borginni mun í framhaldinu gefast kostur á að nýta efnið **Allir vinir**.

NÝJAR ÁSKORANIR FYRIR SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Á þessu ári má búast við að fjöldi hælisleitenda á Íslandi verði í kringum 700. Reykjavík er meðal þeirra þriggja sveitarfélaga sem hafa veitt hælisleitendum þjónustu á meðan mál þeirra eru til úrvinnslu hjá Útlendingastofnun.

Um þessar mundir er unnið að nýjum samningum á milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkur og er hlutverk skóla- og frístundasviðs á grundvelli þeirra m.a. að veita þeim börnum, sem sótt hafa um alþjóðlega vernd, viðeigandi skóla- eða frístundaþjónustu og tryggja til þess nauðsynlegt fjármagn.

Alls hafa 25 hælisleitandi börn á leik- og grunnskólaaldri fengið skólavist það sem af er árinu en fyrstu fjölskyldurnar komu til Reykjavíkur haustið 2015. Hluti þeirra hefur fengið stöðu flóttafólks, aðrir hafa verið sendir aftur til síns heimalands, en mál flestra barnanna eru enn í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hefur í samstarfi við skólayfirvöld skipulagt þjónustu við börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd. Þau búa víða um borgina en sækja líkt og íslensk börn þann skóla sem næstur er heimili þeirra hverju sinni. Á vegum skóla- og frístundasviðs starfar fjölmenningsarteymi sem sinnir ráðgjöf vegna þessara barna. Í því sitja Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Dröfn Rafnsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir.

Fjölmenningsarteymið hefur staðið fyrir fræðslu um móttöku og aðlögun hælisleitandi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi en það verkefni felur í sér mikla áskorun fyrir allt skólasamfélagið. Þegar liggja fyrir tillögur að móttökuáætlunum fyrir þessi börn en jafnframt er mikilvægt að veita öllum sem að velferð þeirra koma víðtæka fræðslu, s.s. öðrum nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Búast má við því að flóttafólki fjölgi á næstu misserum ef miða á við þróunina í nágrennalöndunum. Því er brýnt að takast á við þann veruleika með öllum þeim sem móta skólasamfélagið. Þar eru allir að læra og það þarf að gera með opnum hug með hagsmuni allra barna og ungmenna að leiðarljósi.



SAMSTARF UM NÁMSMAT


Hefð er fyrir faglegu samstarfi sjö grunnskóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Þannig gáfu þessir skólar út sameiginlega lestrarstefnu á árinu 2011 og samstarf var um að innleiða Aðalnámskrá grunnskóla á skólaárinu 2014-2015. Meginmarkmið þessa skólasamstarfs er að byggja upp öflugt lærdóms-samfélag í hverfinu með skýrri sýn og stefnu sem m.a. birtist í námskrá skólanna og námsmati.

Á síðasta skólaári fengu skólarnir sjö styrk úr Sprotasjóði til þess að endurskoða námsmat í tengslum við innleiðingu á Aðalnámskrá grunnskóla. Stýrihópur með fulltrúum allra skóla hefur haldið utan um það verkefni. Hann hefur nú þegar útbúið sniðmát fyrir kennara til að setja inn hæfniviðmið úr Aðalnámskrá fyrir hvern aldurshóp og leiðir til að ná þeim. Inn í það sniðmát hafa kennarar einnig sett fram matsviðmið og tengt hæfniviðmiðunum þannig að nemendur eigi auðveldara með að setja sér skýr markmið í náminu.

Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri í Kelduskóla, segir þetta samstarf skólanna sjö afar gagnlegt. Það byggir á sterkum faggrunni sem veiti kennurum og skólastjórnendum öryggi við námsmatið. Þetta sé fjölbreyttara námsmat en áður sem meti alla þætti námsins, þekkingu, hæfni og leikni og sé um leið hvetjandi.

[Rafræn handbók fyrir kennara um leiðir að fjölbreyttu námsmati.](#)

[Rafræn handbók með sýnishornum af matslistum fyrir leiðsagnarmat](#)



SELJALEIKSKÓLAR SAMAN Á VEFNUM

Tveggja ára þróunarvinnu lauk á dögum í Seljahverfi í Breiðholti þegar birtur var sameiginlegur námskrárvefur allra leikskóla í hverfinu.

Markmiðið með vefnum er að koma skólanámskrám á framfæri á aðgengilegan hátt fyrir foreldra og starfsfólk leikskólanna.

Á www.seljaleikskolar.is má sækja allar upplýsingar um námsmarkmið og sex grunnþætti menntunar. Þá má fræðast um hugmyndafræði og námsmarkmið í hverjum leikskóla.

Á vefnum eru líka skemmtilegar stuttmyndir tileinkaðar hverjum grunnþætti menntunar þar sem börn í leikskólunum fjórum svara spurningum þeim tengdum.

Vissir þú ... að nemendum í grunnskólum borgarinnar hefur fjölgað stöðugt frá árinu 2010 eða um 943? Nemendur eru nú 14.836. Flestir voru þeir árið 1972 eða 17.165 .



HLUTVERK GUFUNESBÆJAR Í ÚTIVIST OG ÚTINÁMI

Starfshópur hefur skilað tillögum um framtíðarhlutverk frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar í útivist og útinámi. Lagt er til að Gufunesbær skipti starfinu upp í tvo meginþætti. Annars vegar umsjón með svokölluðum „frístundagarði“ sem vettvangi fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun og hins vegar starfræki hann þekkingarstöð sem hafi það hlutverk að efla þekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi á útivist og útinámi.

Frístundagarðurinn á að vera opinn allt árið um kring. Áhersla verður lögð á fjölskylduvænt umhverfi og að aðstæður séu með þeim hætti að þær hvetji til samveru og stuðli að hreyfingu og betri lýðheilsu. Starfsemin á að taka mið af ólíkum þörfum og áhugasviðum borgarbúa í frítímanum og bjóða upp á fjölbreytta tengingu við almenningsíþróttir og jaðarsport. Þá á garðurinn að vera vettvangur menningar og viðburða, m.a. útítónleika og leiksýninga.

Starfsemi þekkingarstöðvarinnar yrði margvísleg. Hún á m.a. að veita ráðgjöf og stuðning til starfsfólks skóla og frístundamiðstöðva á sviði útivistar og formlegs og óformlegs útináms. Jafnframt að kortleggja allt starf tengt útinámi sem á sér stað innan borgarinnar, gera það sýnilegt öðrum og standa fyrir námskeiðum og kynningum.

Í skýrslunni er sett fram spennandi framtíðarsýn sem dregur fram kosti þessa frábæra útivistarsvæðis í borgarlandinu. Næstu skref verða að forgangsraða tillögum og vinna innleiðingarætlun í samráði við borgarráð og önnur fagsvið borgarinnar. Sjá [skýrslu starfshópsins](#).

ÚTVARP VESTURBÆJARSKÓLI

7. bekkingar í Vesturbæjarskóla halda í vetur úti útvarpssendingum á Youtube þar sem þeir láta sér ekkert óviðkomandi. Nemendur velja sér viðfangsefni, ákveða sjálfir hvar og hvernig þeir vilja vinna þættina og fá eins mikið frelsi og hugsast getur í efnisvali. Þeir fá hins vegar leiðsögn við að yfirstíga þær hindranir sem koma upp, skipuleggja vinnuna og framfylgja markmiðum sínum í þáttagerð.

Markmið útvarpsstöðvarinnar er að skrásetja nútímann og gefa öllum sem hafa áhuga á ungmennum samtímans innsýn í hugarheim þeirra. Í þeim þáttum sem þegar hafa verið sendir út hefur verið fjallað um jafnrétti, Evrópumótið í knattspyrnu, viðtöl hafa verið tekin við þekktu knattspyrnumenn, rithöfunda og tónlistarmenn, en í vinnslu eru þættir um allt mögulegt og ómögulegt.

[Stíllíð á útvarp Vesturbæjarskóla](#)



SKREKKUR ALLRA LANDSMANNA

Mikil spenna ríkti fyrir úrslitakeppni Skrekks þetta árið sem fyrr, en sjónvarpað var beint frá Borgarleikhúsinu á RÚV. Hæfileikakeppnin er einn af hápunktum unglíngamenningarinnar í borginni og var nú haldin í áttunda sinn.

24 grunnskólar tóku að þessu sinni þátt í Skrekk eða um sex hundruð nemendur og sýndu þeir frumsaminleik-, söng- og dansatriði. Ungmennin sáu líka um allt sem sneri að sviðsuppfærslu í Borgarleikhúsinu og fengu reynslu í að setja upp leikmynd, hanna og sauma búninga, sminka, og lýsa.

Á endanum kepptu átta skólar til úrslita; Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Hagaskóli, Hlíðaskóli, Ingunnarskóli, Réttarholtskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli.

Svo fóru leikar að Hagaskóli bar sigur úr býtum með tvíeykið RuGl í fararbroddi og atriði með sama heiti sem gekk út á að þrátt fyrir mótlæti mætti alltaf finna birtu í deginum, jafnvel halda jól að vori.

Hægt er að kynna sér atriðin sem kepptu til úrslita í Skrekk á www.krakkaruv.is

ÍSLENSKUVERÐLAUN Í ÁRATUG



Hátt í sextíu grunnskólanemendur tóku við Íslenskuverðlaunum unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Verndari verðlaunanna, frú Vigdís Finnbogadóttir, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu. Alls hafa um sex hundruð grunnskólanemar fengið þessi eftirsóttu verðlaun frá því til þeirra var stofnað fyrir áratug. Markmið þeirra er að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskrari tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli.



ÚTI ER ÆVINTÝRI

Frístunda- og útivistarmiðstöðin í Gufunesbæ hefur að undanfögnu skipulagt námskeið, útivistardagskrá og útinámsverkefni undir merkjum Náttúruskóla Reykjavíkur. Kennarar í leik- og grunnskólum borgarinnar hafa nýtt sér þetta og aukið við þekkingu sína, en jafnframt er þetta góð leið til að taka fyrstu skrefin í útikennslu.

Verkefni fyrir nemendur á miðstigi

Verkefnið „Úti er ævintýri“ snýst um að hvetja nemendur til að veita því athygli sem er í nærumhverfi þeirra.

Verkefni heita: **Að þekkja trén, Hreint eða mengað vatn, Að búa til eigin Náttúruleið**

Meira um námskeiðin á [heimasiðu Gufunesbæjar](http://heimasiðu.Gufunesbæjar)
Tengiliður aevar.adalsteinsson@reykjavik.is

